



Skýrsla um samráð

Efni samráðs

Drög að tillaga til þingsályktunar um stefnu í málefnum innflytjenda fyrir árin 2025-2039 ásamt fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir árin 2025-2028

Samráð hófst

16. september 2024

Samráði lauk

30. september 2024

Fjöldi umsagna

Alls bárust 9 umsagnir, 5 innan umsagnartíma og 4 að umsagnartíma loknum.

Lengd skýrslu um samráð

4 bls.

Umsagnaraðilar (í stafrófsröð)

- Alþýðusamband Íslands (ASÍ)
- Barna og fjölskyldustofa
- Íslandsdeild Amnesty International
- Landskjörstjórn
- Landssamtökin Þroskahjálp
- Rauði krossinn á Íslandi
- Reykjavíkurborg
- Samband Íslenskra sveitarfélaga
- Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

Almennt fögnuðu umsagnaraðilar gerð stefnu sem væri orðin tímabær og framkvæmdaáætlun til að fylgja henni eftir. Ábendingar umsagnaraðila voru gagnlegar og verður hér gerð grein fyrir því með hvaða hætti tekið hefur verið tillit til þeirra við gerð lokaútgáfu af þingsályktun um stefnu og framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem stefnt er að lögð verður fyrir Alþingi í nóvember 2024 samkvæmt þingmálaskrá 155. þings.

Ábendingar umsagnaraðila voru af ýmsum toga en flestar lutu að aðgerðum framkvæmdaáætlunar enda hafði samráð um áherslur stefnunnar þegar farið fram með framlagningu hvítbókar. Ekki er greint frá öllum ábendingum í þessari greinargerð en tekin er afstaða til þeirra sem áhrif hafa á endanleg drög að stefnu og framkvæmdaáætlun. Í umfjöllun um sjónarmið umsagnaraðila er fjallað um athugasemdir eftir efnisatriðum.

Aðgerðir sem umsagnaraðilar töldu vanta og skörun við aðrar aðgerðaáætlanir

Rauði krossinn og Samband Íslenskra sveitarfélaga bentu í umsögnum sínum á aðgerðir sem að þeirra mati vantaði í framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda. Þar kom m.a. fram að í framkvæmdaáætluninni væri ekki að finna haldbærar aðgerðir til að vinna gegn fátækt og að aðgerðir varðandi húsnæðismál skorti. Ráðuneytið er sammála að slíkar aðgerðir eru mjög mikilvægar. Hvað varðar aðgerðir í að vinna gegn fátækt þá er mikilvægt að meta stöðuna fyrst og því aðeins um fyrsta skref að ræða. Margar aðgerðir áætlunarinnar eru jafnframt líklegar til að vinna að þáttum sem líklegir teljast til að styrkja stöðu og hreyfanleika innflytjenda á vinnumarkaði s.s. aukið íslenskunám, aukin áhersla á raunfærnimat og mat á fyrri menntun.

Um húsnæðismál er fjallað í þingsályktun um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024–2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024–2028 og samþykkt var á Alþingi þann 22. júní 2024. Húsnæðismál snerta alla íbúa landsins og því mikilvægt að tekið sé á þeim málum á heildstæðan hátt líkt og gert er í fyrirbyggjandi stefnu.

Fram kom mikilvægi aðgerða til að vinna með þolendum ofbeldis og að þær væri ekki að finna í framkvæmdaáætluninni. Ráðuneytið tekur heilshugar undir mikilvægi þess að vinna með þolendum ofbeldis. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur verið í virku samstarfi á því sviði og stutt fjárhagslega við þolendamiðstöðvar, athvörf og meðferðarúrræði fyrir þolendur og gerendur ofbeldis. Auk þess er, á vegum dómsmálaráðuneytisins, unnið að landsáætlun um framfylgd samnings Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Ístanbúlsamningurinn), sbr. 10. gr. samningsins sem kveður á um ábyrgð hins opinbera á samræmingu, framkvæmd, eftirfylgni og mati á aðgerðum og

ráðstöfunum sem eru til komnar vegna samningsskuldbindinga. Þá er á þingmálaskrá 155. þings frumvarp félags- og vinnumarkaðsráðherra um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga í þeim tilgangi að skýra ábyrgð og hlutverk opinberra aðila þegar kemur að stuðningi og vernd fyrir þolendur ofbeldis og meðferðarúrræðum fyrir gerendur m.t.t. ákvæða Istanbúlsamningsins.

Þá var jafnframt bent á mikilvægi þess að fjalla um fórnarlömb mansals, aftur tekur ráðuneytið heilshugar undir mikilvægi þess. Innan stjórnarráðsins og í samvinnu við fjölda samstarfsaðila fer nú fram vinna við samhæfingu viðbragða vegna stuðnings við fórnarlömb mansals. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið tekur þátt í þeirri vinnu og hefur þegar tryggt sértækan stuðning við fórnarlömb vinnumansals til næstu tveggja ára með samningi við Bjarkarhlíð. Vegna þeirrar miklu samhæfingar sem nauðsynleg er í þessum viðkvæma málaflakki er það meðvituð ákvörðun að takast ekki á við mansalsmál í framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda heldur halda vinnu hvað varðar mansal innan þess ramma sem þegar hefur verið unnið að.

Ljóst er að fjöldi aðgerða sem lagðar eru til í framkvæmdaáætluninni tengjast vinnu starfshóps um heildarendurskoðun laga um framhaldfræðslu sem fram fer á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Í ljósi þess var lögð áhersla á að orðalag aðgerða í framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda endurspegladi þá vinnu sem fram fer í starfshópi um heildarendurskoðun laga um framhaldsfræðslu.

Einnig kom fram að það skorti á umfjöllun og aðgerðir sem taka á fjölpættri mismunun og tekur ráðuneytið það til greina. Rétt er þó að nefna að í áherslum þróunarsjóðs innflytjendamála sem er á vegum félags- og vinnumarkaðsráðuneytis hefur verið leitað sérstaklega eftir verkefnum og/eða rannsóknum sem fjalla um fjölpætta mismunun og mögulegt að slíkt verði gert áfram.

ASÍ og Barna- og fjölskyldustofa bentu á að ekki væri fjallað um túlkajónustu. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið vill koma því á framfæri að ráðgert er að fjalla um túlkajónustu í fyrirhuguðu frumvarpi félags- og vinnumarkaðsráðherra til laga um málefni innflytjenda sem er á þingmálaskrá 155. þings.

Ábendingar komu frá Reykjavíkurborg og ASÍ varðandi orðalag sem var til bóta og var tekið tillit til þeirra ábendinga.

Ábyrgð á aðgerðum

Fram komu ábendingar um að ábyrgð á aðgerðum liggi ýmist hjá ráðuneytum eða stofnunum þeirra þ.e. ávallt hjá opinberum aðila. Það þýðir þó ekki að framkvæmd aðgerða verði á höndum sömu aðila heldur einvörðungu ábyrgðin á að aðgerð sé hrint í framkvæmd og fylgt eftir. Í nokkrum tilfellum var bætt við í upptalningu samstarfsaðila til að koma til móts við umsagnir. Í aðgerð 1.1. var þó gerð sú breyting að ábyrgðaraðili verði landskjörstjórn í stað þjóðskrár til samræmis við skiptingu hlutverka milli aðila sbr. kosningalög, nr. 112/2021. Almennt er lögð áhersla á það í texta aðgerða að binda framkvæmd ekki við einn tiltekinn aðila enda geti ákvæði laga um opinber innkaup átt við í framkvæmd margra verkefna og þau því verið útboðsskyld.

Ráðgjöf, nám og tungumálafærni

Bent var á mikilvægi þess að skriflegar upplýsingar séu aðgengilegar á auðlesnu máli en jafnframt að boðið verði upp á einstaklingsráðgjöf. Í vinnu við stefnuna og

framkvæmdaáætlunina kom þetta ítrekað fram og tekur ráðuneytið undir. Stefnt er að því að með eflingu ráðgjafar Vinnumálastofnunar verði horft í ríkara mæli til fjölbreyttra leiða en einvörðungu stafrænna við miðlun upplýsinga s.s. með möguleika á að fá þjónustu frá ráðgjöfum Vinnumálastofnunar á einhverjum af þjónustuskrifstofum stofnunarinnar. Með núverandi neti þjónustuskrifstofa Vinnumálastofnunar má jafnframt tryggja aðgengi að upplýsingum á landinu öllu og færa þjónustuna nær þeim sem á henni þurfa að halda.

Möguleikar til tungumálanáms komu fram í nokkrum umsögnum og mikilvægi þess að setja aukinn þunga í kennslu íslensku fyrir innflytjendur og mæta ólíkum þörfum. Í einstaka aðgerðum var bætt við mögulegum samstarfaðilum. Telur ráðuneytið að aðgerðirnar sem birtast í framkvæmdaáætluninni samhliða aðgerðum í þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026.

Ráðuneytið tekur undir með umsögn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, SA og ASÍ um að halda áfram að nýta verkfæri Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þegar kemur að námsskrám og raunfærnimati, enda kemur fram í ársskýrslu Fræðslusjóðs fyrir árið 2023 að um helmingur þeirra sem skráðir voru í vottað nám sem lög um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, ná yfir voru innflytjendur. Aukin þátttaka og virkni innflytjenda hvað þetta varðar er fagnaðarefni og mikilvægt að þróa framhaldsfræðsluna áfram til að mæta þörfum þeirra líkt og kveðið er á um í þjónustusamningi félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Þjónusta við flóttafólk

Rauði krossinn benti á þá áskorun sem flóttafólk stendur frammi fyrir varðandi að byggja upp líf sitt í nýju landi og ná rótfestu á meðan að fjölskyldur eru aðskildar þann tíma sem beðið er eftir afgreiðslu umsókna um fjölskyldusameiningar. Ráðuneytið bendir á að sá stuðningur sem flóttafólk nýtur hér á landi nær líka til fjölskyldumeðlima sem koma í gegnum fjölskyldusameiningu á grundvelli 2. mgr. 45. gr. laga um útlendinga, nr. 80/2016, líkt og verið hefur í framkvæmd til margra ára. Málsmeðferðartími dvalarleyfa fellur ekki undir ábyrgða- og verkefnasvið áætlunarinnar svo ekki er unnt að bregðast við ábendingunni hvað það varðar.

Í umsögn Íslandsdeildar Amnesty International voru stjórnvöld hvött til að taka upp aðferðafræði bakhjarla flóttafólks í móttökukerfið. Ekkert í stefnumótuninni kemur í veg fyrir að slíkt verði gert í framtíðinni og má taka undir mikilvægi þess að fylgjast með þeim tilraunaverkefnum hvað þetta varðar sem nú eru í Svíþjóð og Finnlandi.

Að loknu samráði

Ljóst er að framangreindar umsagnir við drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu í málefnum innflytjenda fyrir árin 2025–2039 ásamt fjögurra ára framkvæmdaáætlun fyrir árin 2025–2028 nýttust til að bæta drögin en frekar. Drögin fara nú í hefðbundna málsmeðferð þingsályktunartillagna áður en þau verða lögð fram á Alþingi í nóvember.